

Áætlun gegn einelti

Nemendur og starfsfólk Öxarfjarðarskóla sætta sig á engan hátt við einelti. Einelti innan skólans er litið mjög alvarlegum augum.

Ef grunur um einelti kemur upp eru nemendur, starfsmenn og foreldrar hvattir til að láta umsjónarkennara, skólastjóra eða hjúkrunarfræðing vita af því.

Hvað er einelti?

Einelti er skilgreint sem endurtekið eða viðstöðulaust áreiti/ valdbeiting, munnleg, sálfræðileg eða líkamleg, framkvæmt af einstaklingi eða hópi einstaklinga sem beita sér gegn annarri manneskju eða hópi einstaklinga gegn þeirra vilja. <http://www.regnbogaborn.is/einelti.asp>

- Uppnefningar og baktal eða hvísl um einhvern annan
- Neikvæðar sögur, frásagnir eða lygar um einhvern sem koma honum illa
- Að segja öðrum að útiloka einhvern ákveðinn einstakling, tala ekki við hann, hunsa hann
- Þegar einhver er skilinn útundan, gefið í skyn að hann einn sé ekki velkominn
- Þegar gert er grín að öðrum vegna útlits eða þyngdar
- Þegar hæðst er að menningu, trú eða húðlit einhvers
- Þegar hæðst er að fötlun eða heilsuleysi einhvers
- Þegar einhver einn einstaklingur fær ekki að vera með í samverustundum, leikjum eða íþróttum
- Þegar gert er grín að einhverju og síðan sagt að verið sé að „djóka“
- Þegar neitað er að vinna með eða sitja hjá ákveðnum einstaklingi í skólanum
- Þegar eigur annarra eru eyðilagðar, þeim stolið eða þær faldar
- Þegar einstaklingur er meiddur, í hann sparkað, hann sleginn, hrækt á hann eða honum hrint, klipinn, klóraður, eltur, honum haldið föstum gegn vilja hans
- Þegar illkvittin skilaboð eru send eða komið til skila með einhverjum hætti t.d. í gegnum Netið (facebook, MSN, blogg, tölvupóst) eða gsm síma.

<http://www.kolbrunbaldurs.is/leidbeiningar-pdf-skjol/eineltisumraedan-gengid-i-bekki>

Fyrirbyggjandi aðgerðir

- Nemendur eru upplýstir um hvað einelti er og hvert þeir eiga að snúa sér ef þeir halda að þeir verði vitni að einelti af einhverju tagi í skólanum.
- Í lífsleiknitímum er m.a. fjallað um samskipti, líðan og þar með einelti.
- Á starfsmannafundum er reglulega rætt um einelti og starfsmenn minntir á mikilvægi þess að þeir tilkynni umsjónarkennurum ef þeir hafa grun um að einelti eigi sér stað.
- Árlega svara nemendur spurningum varðandi líðan sína í skólanum.

Boðleiðir ef upp kemur grunur um einelti

Umsjónarkennarinn er í lykilhlutverki í öllum eineltismálum. Ef grunur um einelti vaknar ber umsjónarkennari ábyrgð á aðgerðum gegn einelti í sínum bekk.

